

Reykjavík, 8. mars 2024

**Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar****Efni: Umsögn Samorku um drög að frumvarpi um breytingar á raforkulögum (raforkuviðskipti), mál í samráðsgátt nr. S-61/2024**

Samorka fagnar því að fram sé komið frumvarp til laga sem mælir fyrir um tilteknar hátternisreglur í raforkuviðskiptum, þar sem m.a. er kveðið á um bann við markaðssvikum og ólögætum innherjaviðskiptum.

Í 1. gr. frumvarpsins eru settar fram skilgreiningar á lykilhugtökum. Huga þarf vel að því að skilgreiningarnar falli að íslenskum markaði og leiði ekki til of íþyngjandi regluverks. Skilgreiningarnar byggja eðli máls samkvæmt að einhverju leyti á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku (REMIT).

Samorka bendir á afmarka þarf betur skilgreiningu á *heildsöluorkuafurð* í frumvarpinu. Í 4. tl. 2. gr. REMIT, 4. tl. er heildsöluorkuafurð (e. wholesale energy products) skilgreind. Í 2. mgr. þeirrar greinar eru sérstaklega undanþegnir samningar um afhendingu og dreifingu raforku til endanotenda. Þó með þeim fyrirvara að geti endanotandi notað meira en 600 GWst á ári þá telst slíkt til heildsöluorkuafurðar.

Í 9. tl. í aðfararorðum REMIT segir um þetta: *Retail contracts which cover the supply of electricity or natural gas to final customers are not susceptible to market manipulation in the same way as wholesale contracts which are easily bought and sold. None the less, the consumption decisions of the largest energy users can also affect prices on wholesale energy markets, with effects across national borders. Therefore it is appropriate to consider the supply contracts of such large users in the context of ensuring the integrity of wholesale energy markets.*

Skoða þarf betur hvaða afmörkun á að vera á skilgreiningu heildsöluorkuafurðar í frumvarpinu. Hvert hér verði vísað til gildandi skilgreiningar í raforkulögum á stórnotanda eða hvort annað viðmið teljist heppilegra.

Þá þarf að huga að því að smávirkjanir og eigin framleiðsla heimila og minni fyrirtækja teljist ekki til heildsöluorkuafurða, ef og þegar slíkir smáframleiðendur selja raforkusölum þá orku sem þeir framleiða.

Í 5. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á sektarákvæði raforkulaga. Engar athugasemdir eru gerðar við að ný ákvæði raforkulaga sem leidd verða í lög með frumvarpi þessu falli undir sektarákvæði laganna, en væntanlega á tilvísunin að vera til 1. mgr. 26. gr. b. en ekki a.

Varðandi gildistökuákvæði í 6. gr. þá færi betur á því að gildistaka væri á ákveðnum degi, þannig að markaðsaðilar og eftirlitið hafi tíma og ráðrúm til að undirbúa sig fyrir ný verkefni og nýtt skipulag á sinni starfsemi. Á þeim tíma sem líður frá setningu laganna og fram að gildistöku væri einnig mikilvægt að viðeigandi reglugerðir yrðu birtar og í aðdraganda þess færi fram samráð við markaðsaðila um efni þeirra. Þannig væri eðlilegt að horfa til þess að gildistaka væri t.d. 1. janúar 2025 eða 1. júlí 2025.

Þá kann að vera tilefni til að taka sérstaklega fram í lögunum eða a.m.k. í greinargerð að upplýsingaskylda samkvæmt þeim gildi ekki með afturvirkum hætti, t.a.m. í þeim tilvikum þar sem aðilar hafa gert samninga sem bundnir eru trúnaði.

Þá vekur Samorka athygli á fyrri athugasemdum úr umsögn Samorku um áform um lagasetningu um viðskiptavettvang raforku, sjá [hér](#), varðandi eftirlitshlutverk Raforkueftirlitsins. Ljóst er að eftirlit með heildsölumarkaði er töluverð viðbót við núverandi verkefni Raforkueftirlitsins. Í því samhengi þarf að huga vel að og útfæra hvernig fjármögnun og mönnun eftirlitsins verður háttað. Þannig er ljóst að núgildandi gjaldtökuheimild í 31. gr. raforkulaga og þau gjöld sem þar er mælt fyrir um og greidd eru af flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum, eiga ekki og munu ekki standa undir kostnaði við eftirlit með heildsölumarkaði sem Raforkueftirlitinu er falið í því frumvarpi sem hér liggur fyrir.

Samorka þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um frumvarpið og óskar eftir góðu samstarfi við ráðuneytið um áframhaldandi vinnslu málsins.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur